

Á dómþingi Dómstóls ÍSÍ sem haldið var af Gunnari Guðmundssyni, dómara, þann 20. júlí 2018, var kveðinn upp svofelldur

D Ó M U R :

í máli nr. 7/2018, en það var kært til dómstólsins af kæranda þann 25. maí sl.. Kærða var gefinn frestur til greinargerðar sem barst þann 19. júní s.l.

Kærandi er Kraftlyftingadeild Harðar, kennitala:450291-1459, 450 Patreksfjörður

Kærði er Kraftlyftingafélag Reykjavíkur, kt.451016-0670, Bankastræti 5 101 Reykjavík

I.

Dómkröfur

Að Íslandsmeistaramótið í Klassískum Kraftlyftingum 18.3.2018 og Íslandsmeistaramótið í klassískri bekkpressu 17.3. 2018 verði dæmt eftir refsiramma Kraft og fordæma.

Málavextir

Kærandi lýsir málavöxtum, lagarökum og færir fram eftirfarandi röksemdir í kæru:

„Nú hefur dómur aganefndar fallið þar sem að þeir segja að ég sé að kæraranga aðila og vísa þar afleiðandi málinu frá á þeim forsendum. 17. og 18. mars, á ÍM í klassískum Kraftlyftingum og klassískri bekkpressu, bendi ég

Huldu Elsu Björgvinsdóttur (formanni Kraft og dómara á mótinu) á það að enginn Jury (kviðdómur) sé á mótinu, en samkvæmt mótareglum á að vera jury (kviðdómur) á Íslandsmeistaramótum. En hún þverneitar að KFR verði við þessari beiðni minni, að þetta verði lagað. Ég bendi henni á móti á að reglur séu reglur og þeim verði að fylgja. Þrátt fyrir þetta er beiðni minni neitað og daginn eftir á Íslandsmeistaramótinu í klassískum kraftlyftingum var ekki búið að laga þetta. Því sé ég mig knúinn til þess að kæra mótin.

Lagarök

1. gr. Keppnisreglur Mót af mótaskrá Kraft skulu fara fram samkvæmt lögum og reglugerðum KRAFT og ekki brjóta gegn lögum og reglum ÍSÍ eða IPF. Framkvæmd skal fylgja tæknireglum IPF og öðrum reglum svo sem við á, en stjórn KRAFT getur sett nánari reglur og leiðbeiningar um einstök mót og framkvæmd þeirra. Mótshaldari er framkvæmdaðili mót og heldur það í umboði KRAFT. Öll vafaatriði og frávik skal bera undir stjórn KRAFT og eru háð samþykki stjórnar KRAFT 24. gr. Dómgæsla Eingöngu dómara skráðir á gildandi dómaraalista KRAFT mega dæma á mótum. Dómgæsla á mótum skal vera samkvæmt reglum IPF. Dómara skulu ávallt vera snyrtilega klæddir og ekki í íþróttafötum. Á öllum mótum sem eru á mótaskrá skulu þeir sem sinna dómgæslu hverju sinni koma frá amk tveimur félögum Ef dómari dæmir á móti sem hann sjálfur keppir á, er kvendómara óheimilt að dæma í kvennaflokkum og karldómara óheimilt að dæma í karlaflokkum. Dómari skal ávallt mæta tímanlega til að geta gengið úr skugga um að keppnisaðstaða og vigtunaraðstaða sé fullnægjandi. Á Íslandsmeistaramóti í kraftlyftingum og klassískum kraftlyftingum í opnum flokki skal Dómaranefnd KRAFT skipa 3 manna kviðdóm reyndra dómara. Í honum skal sitja amk einn dómari með alþjóðaréttindi.

Röksemdir

Ég tel mig hafa kært réttan aðila þar sem að mótshaldari er framkvæmdaaðili mótsins og heldur það í umboði KRAFT. Þar af leiðandi ætti hann að sjá til þess að mótið fari rétt fram og að nefndirnar sem koma að mótunum vinni vinnuna sína. Þar sem að hann er með umboðið frá KRAFT, og þar af leiðandi æðsti aðilinn á mótsstað, hefði hann átt að setja út á það að ekki var kviðdómur á staðnum. Annað: Þó svo að ég fari fram á það að mótið verði dæmt ógilt er ekki þar með sagt að aganefnd geti hent málinu frá sér þar sem að þau geta kveðið á um sekt eða sýknu og dæmt eftir sínum úrræðum.

Jury(kviðdómur) gegnir veigamiklu hlutverki á þeim mótum sem hann á að vera á. Í gegnum tíðina hefur hann haft áhrif á það hver verður heimsmeistari, hvort að met standi eða falli og í rauninni hvort að keppandi falli úr keppni eða ekki. Þannig að í ljósi þess hversu mörg Íslandsmet voru sett á mótinu og hversu hörð barátta var í mörgum flokkum að þá er ekki hægt líta framhjá því að mótshaldari fór ekki að reglum um að vera með kviðdóm. Fyrir utan það að reglur eru reglur og þeim verður að fylgja. Þetta stendur skýrt í reglum Kraft um kraftlyftingakeppni.“

II.

Kærði hefur eins og fram er komið lagt fram greinargerð.

Dómkröfur kærða eru þessar eins og fram kemur í greinargerð: .

1. Af hálfu KFR er þess aðallega krafist að kröfum KH verði vísað frá dómi.
2. Af hálfu KFR er þess krafist til vara að KFR verði sýknað af kröfum KH.
3. Af hálfu KFR er þess krafist til þrautavara að KFR verði ekki gerð viðurlög.
4. Loks er gerð krafa um að KH verði dæmt til að greiða KFR málskostnað samkvæmt mati dómsins, sbr. e)-lið 36.1. gr. laga ÍSÍ.

Hér á eftir fara þær athugasemdir sem kærði gerir við málssókn kæranda, en um er að ræða nánast óbreytt orðalag:

„Með áðurgreindum tölvupósti ÍSÍ fylgdi kæra KH á hendur KFR. Kæran er ódagsett. Í kærinni eru gerðar þær dómkröfur að „Íslandsmeistaramótið í Klassískum Kraftlyftingum 18.3.2018 og Íslandsmeistaramótið í klassískri bekkpressu 17.3.2018 verði dæmt eftir refsiramma Kraft og fordæma.“

Þá segir enn fremur um málavexti í kæru KH: „Nú hefur dómur aganefndar fallið þar sem þeir segja að ég sé að kæra rangan aðila og vísa þar af leiðandi málinu frá á þeim forsendum.

Hinn 17. og 18. mars, á ÍM í klassískum Kraftlyftingum og klassískri bekkpressu, bendi ég Huldu Elsu Björgvinsdóttur (formanni Kraft og dómara á mótinu) á það að enginn jury (kviðdómur) sé á mótinu en samkvæmt mótareglum eigi að vera jury (kviðdómur) á Íslandsmeistaramótum. En hún þverneitar að KFR verði við þessari beiðni minni, að þetta verði lagað. Ég bendi henni á móti að reglur séu reglur að þeim verði að fylgja. Þrátt fyrir þetta er beiðni minni neitað og daginn eftir á Íslandsmeistaramótinu í klassískum kraftlyftingum var ekki búið að laga þetta. Því sé ég mig knúinn til þess að kæra mótin.“

Um lagarök vísar kærði til 1. og 24. gr. reglugerðar KRAFT um kraftlyftingakeppni og segir jafnframt:

„Í röksemdum vísar KH m.a til þess að „Ég tel mig hafa kært réttan aðila þar sem að mótshaldari er framkvæmdaðili mótsins og heldur það í umboði KRAFT. Þar af leiðandi ætti hann að sjá til þess að mótið fari rétt fram og að nefndirnar sem koma að mótunum vinni vinnuna sína. Þar sem að hann er með umboðið frá KRAFT, og þar af leiðandi æðsti aðilinn á mótsstað, hefði hann átt að setja út á það að ekki var kviðdómur á staðnum. Annað: Þó svo að ég fari fram á það að mótið verði dæmt ógilt er ekki þar með sagt að aganefnd geti hent málinu frá sér þar sem að þau geta kveðið á um sekt eða sýknu og dæmt eftir sínum úrræðum.“

Ekki er vísað til annarra reglna, s.s. tæknireglna IPF eða reglna KRAFT, í kæru KH.“

Kærði gerir eftirfarandi athugasemdir við málavaxtalýsingu KH:

Af hálfu KFR er málavaxtalýsingu í kæru KH mótmælt. Þannig barst engin beiðni frá KH til KFR um að KH gerði kröfu um að kviðdómur yrði á Íslandsmótunum í klassískri bekkpressu eða í klassískum kraftlyftingum. Fær það í reynd stuðning í málavaxtalýsingu þar sem vísað er til samtals við dómara og stjórnarmann í KRAFT, en ekki fyrirsvarsmann mótshaldara, KFR.

Um úrskurð aganefndar KRAFT segir kærði:

„Þann 10. apríl 2018 barst aganefnd KRAFT kæra KH vegna sama sakarefnis, þ.e. að ekki hafi verið skipaður kviðdómur í samræmi við 24. gr. reglugerðar KRAFT um kraftlyftingakeppni. Var þess krafist að mótið væru dæmt ógild.“

Með úrskurði, dags. 22. maí 2018, var kæru KH vísað frá aganefnd KH (fylgiskjal 1). Í úrskurði aganefndar segir m.a. að ljóst sé að dómaranefnd KRAFT ber ábyrgð á því að skipa kviðdóm og beinist kærán því að röngum aðila. Þá segir ennfremur í úrskurði aganefndar að kærán beinist einnig að röngum úrskurðaraðila þar sem aganefnd hafi ekki heimild til þess að dæma mót ógild.“

Málsástæður KFR vegna aðal- og varakröfu

Af hálfu KFR er þess aðallega krafist að kröfu KH verði vísað frá dómi.

Vísar KFR til þess að um sé að ræða dómkröfur og efnisatriði sem eiga undir dómaranefnd KRAFT og stjórn KRAFT, sbr. frávísunarúrskurð aganefndar KRAFT, sbr. einnig m.a. 13. og 24. gr. reglugerðar KRAFT um kraftlyftingakeppni. Samkvæmt frávísunarúrskurði aganefndar KRAFT er það dómaranefnd KRAFT sem ber ábyrgð á að skipa kviðdóm og því beinast kærurnar að röngum aðila.

Til vara er þess krafist að KFR verði sýknað að kröfum KH.

Í fyrsta lagi vísar KFR til þess að sýkna beri KFR þar sem engar kröfur eru gerðar á hendur KFR í kæru KH. Vísar KFR til þess að í kæru KH eru gerðar þær dómkröfur að „Íslandsmeistaramótið í Klassískum Kraftlyftingum 18.3.2018 og Íslandsmeistaramótið í klassískri bekkpressu 17.3.2018 verði dæmt eftir refsiramma og fordæma.“ Í kæru KH er þannig engum dómkröfum beint gegn KFR auk þess sem ekki megi skýrlega ráða af kæru KH hvert sakarefnið er. Því er í reynd ómögulegt fyrir KFR að taka til varna með tilhlýðilegum hætti. Beinist krafan að því að

Íslandsmótin tvö verði dæmd eftir refsiramma KRAFT og fordæma. Af hálfu KFR er bent á að ekki er gert ráð fyrir því í reglum og lögum KRAFT að mót sem slík séu dæmd eftir „refsiramma“ sérsambandsins.

Í öðru lagi vísar KFR til þess að sýkna beri KFR þar sem dómkrafa KH snúi í reynd að Dómaranefnd KRAFT. Þannig vísar kæra KH til 24. gr. reglugerðar KRAFT um kraftlyftingakeppni þar sem fram kemur að það sé hlutverk Dómaranefndar KRAFT að skipa 3 manna kviðdóm. Kemur hvergi fram að það sé skylda eða hlutverk móthaldara. Af því leiðir að það er hlutverk Dómaranefndar KRAFT að skipa kviðdóm en ekki KFR og ber því að sýkna KFR af kærðu KH.

Í þriðja lagi, vísar KFR til þess að á áðurgreindum Íslandsmótum kom ekki upp eitt einasta tilvik þar sem gerðar voru athugasemdir við dómgæslu dómara eða önnur atriði þar sem hefði reynt á verksvið kviðdóms, eins og það er skilgreint í keppnisreglum IPF í kraftlyftingum frá 2015. Af kröfum KH verður ráðið að ekki er krafist ógildingar á mótunum enda væri það sérlega ósannjarnt gagnvart öllum þeim keppendum sem tóku þátt á Íslandsmótunum að mótin væru dæmd ógild af því að

Dómaranefnd KRAFT tilnefndi ekki fulltrúa í kviðdóm. Hefur það sérstaka þýðingu þar sem á mótunum kom ekki upp eitt einasta tilvik sem hefði átt að koma til skoðunar kviðdóms. Þannig var ekki um heimsmeistaramót að ræða, engar athugasemdir komu fram um hæfi eða niðurstöður dómara eða kvartað var til til kviðdóms yfir dómara. Þá er ekki vitað um nein alvarleg mistök við dómgæslu á mótunum. Hér er einnig rétt að vekja athygli á að Dómaranefnd KRAFT **hefur** ekki gert neinar athugasemdir við dómgæslu á mótunum. Þá er einnig rétt að fram komi að samkvæmt upplýsingum KFR hefur Dómaranefnd KRAFT aldrei skipað kviðdóm á Íslandsmóti og því ætti, ef byggt væri á rökum KH um að dæma mótin eftir refsiramma KRAFT og „fordæma“, ekki að grípa til neinna viðurlaga vegna þessa. Í því samhengi má vekja athygli á því að á Íslandsmeistaramótinu í réttstöðulyftu, sem haldið var af kæranda KH í september 2016, var enginn kviðdómur. Töldu keppendur og félög innan KRAFT ekki ástæðu til að kvarta yfir mótshaldi mótshaldara til aganefndar vegna þess.

Komist aganefnd að þeirri niðurstöðu að (i) kæra KH sé á hendur KFR, (ii) að dómkröfur KH eigi undir verksvið dómstóls ÍSÍ og (iii) að KFR hafi gerst brotlegt við „refsiramma Kraft“, þá gerir KFR þá kröfu til þrautavara að KFR verði ekki gerð viðurlög enda vandséð hvernig meint brot KFR geti fallið undir „refsiramma Kraft“. Á það sérstaklega við þar sem annars vegar er um er að ræða verkefni Dómaranefndar KRAFT en ekki mótshaldara og hins vegar er um að ræða framkvæmd sem hefur verið viðhöfð í fjölda ára án þess að athugasemdir hafi nokkru sinni verið gerðar.

Niðurlag, áskilnaður, krafa um málskostnað

KFR telur að kæra KH á hendur KFR sé með öllu tilhæfulaus og órökstudd. Getur KFR með engum hætti skilið af hverju fyrirvarsmáður annars félags kærir KFR til dómstóls ÍSÍ þar sem Dómaranefnd KRAFT hafi ekki skipað kviðdóm! Í því samhengi vill KFR vekja athygli á þetta er í fjórða sinn sem KH kærir KFR fyrir brot á ofangreindu. Í fyrsta lagi í þremur málum fyrir dómstól ÍSÍ, þ.e. málum nr. 4, 5 og 6/2018 og svo fyrir aganefnd KRAFT, sbr. umfjöllun í tölulíðum 13 og 14. Í öllum tilvikum er um að ræða tilhæfulausar kærur sem hefur verið vísað frá

en kallað á vinnu af hálfu KFR og aðkeypta lögfræðiráðgjöf. Er vanskilið hver tilgangur KH sé með þessari háttasemi. Af þeim sökum telur KFR sér skylt að gera sjálfstæða kröfu um að KH verði dæmt til að greiða málskostnað samkvæmt mati dómsins, sbr. e)-lið 36.1. gr. laga ÍSÍ.

KFR áskilur sér rétt til að afla frekari gagna og færa frekari rök fyrir kröfum sínum á síðari stigum málsins eftir því sem tilefni verður til undir rekstri þess.“

III.

Dómsniðurstaða:

Eins og mál þetta er lagt fyrir dóminn af hálfu kæranda verður ekki séð að kærði, Kraftlyftingafélag Reykjavíkur, kt.451016-0670 sé í þessu ágreiningsmáli réttur málsaðili. Ber því að verða við kröfu kærða um að sýkna kærða af kröfu kærandi vegna aðildarskorts.

Ekki er fallist á kröfu kærða um málskostnað.

Dómsorð:

Sýkna ber kærða, Kraftlyftingarfélag Reykjavíkur af kröfu kröfu kæranda, Kraftlyftingadeildar Harðar. Hvor aðili ber sinn kostnað af málarekstri þessum.

Um áfrýjun:

Lög ÍSÍ 33.3.: Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstólsins skal vera ein vika frá því að aðila máls var fyrst kunnugt um niðurstöðu